

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1966 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

85 gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzini, og skal gjaldið nema kr. 3.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzinbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.

2. gr.

b-liður 87. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Dungi bifreiðar, kg	Dungaskattur, kr.
0—2000	11 050
2000—2200	11 290
2200—2400	11 530
2400—2600	11 770
2600—2800	12 010
2800—3000	12 260
3000—3200	12 500
3200—3400	12 750
3400—3600	13 000
3600—3800	13 250
3800—4000	13 500
4000—4100	13 635
4100—4200	13 770
4200—4300	13 905
4300—4400	14 040
4400—4500	14 175
4500—4600	14 310
4600—4700	14 445
4700—4800	14 580
4800—4900	14 715
4900—5000	14 850
5000—5100	14 985
5100—5200	15 120
5200—5300	15 255
5300—5400	15 390
5400—5500	15 525
5500—5600	15 660
5600—5700	15 795
5700—5800	15 930
5800—5900	16 065
5900—6000	16 200

Fyrir hver 100 kg yfir 6000 kg greiðast kr. 270.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1966.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.